

Doktorsvörn Atla Harðarsonar - Menntavísindasvið

Hvenær hefst þessi viðburður:

28. júní 2013 - 13:00 til 15:00

Staðsetning viðburðar:

[Stakkahlíð](#)

Nánari staðsetning:

Skriða



Titill og rannsóknarspurning: *Að hve miklu leyti og í hvaða skilningi geta námsmarkmið verið grundvöllur skipulegrar menntunar sem skólar veita?*

Verkið samanstendur af ritgerð og sex tímaritsgreinum. Meginrökfærslan er í ritgerðinni en greinarnar styðja við hluta af henni.

Í fyrstu köflum ritgerðarinnar gerir Atli Harðarson grein fyrir hugmyndum um markmiðsdrifna menntun og sýnir fram á að þær hafi verið ríkjandi um meira en hálfir aldar skeið. Í því sem á eftir fer gagnrýnir hann þessar hugmyndir og ýmislegt sem er haft fyrir satt um markmið sem undirstöðuatriði í námskrám skóla. Kjarninn í rökum hans felst í útlistun á hugtakinu *markmið* þar sem hann greinir á fimm vegu milli ólíkra tegunda af markmiðum, þ.e. milli:

1. Markmiða þar sem athafnir okkar eru orsakir og það sem ná skal fram afleiðing þeirra og markmiða sem eru innifalin í athöfnum.
2. Markmiða sem eru röklega óháð því sem við gerum til að ná þeim og markmiða sem eru röklegar afleiðingar af viðleitni okkar.
3. Markmiða sem eru óháð tilteknu samhengi og markmiða sem byggjast á, eða eru aðeins skiljanleg í, tilteknu samhengi.
4. Markmiða sem hægt er að ná eða klára og markmiða eða hugsjóna sem fólk vinnur að þótt ekki sé hægt að ljúka því verki.
5. Markmiða sem eru notuð til að stýra ofansækinni hönnun þar sem eitthvað er byggt frá grunni og markmiða sem notuð eru til umbóta á einhverju sem er þegar orðið til.

Í lokaköflum ritgerðarinnar notar Atli þennan fimmfalda greinarmun til að færa rök gegn ríkjandi hefð í námskrágerð og styðja við sjónarmið í anda menntahefðar sem ýmist er kennd við húmanisma eða frjálsar listir.

Title and research question: *In what sense and to what extent can organised school education be an aims-based enterprise?*

The work consists of a monograph and six papers. The papers support parts of the main argument presented in the monograph.

In the first chapters of the monograph, Atli Harðarson outlines a model of education as aims-based and shows that it has been dominant for more than half a century. In what follows he criticises this model and various widely held assumptions about the role of educational aims as organising principles of school curricula. The core of his argument is a clarification of the concept of *aims*, where he makes five distinctions between different types of aims:

1. Aims that are created or causally brought about by the means and aims that are constituted by the means.
2. Aims that are contingently related to the means and aims that follow logically from the means.
3. Aims that are independent of any specific context and aims that are dependent on, or only comprehensible within, a specific context.
4. Objectives that can be reached and ideals that people can work towards, although the task cannot be completed.
5. Aims as principles of design and aims as principles of reform.

In the last chapters of the monograph, he uses these five distinctions to argue against the dominant model and offers in its place an outlook more in accord with the tradition of liberal education.

Andmælendur eru dr. Guðmundur Hreiðar Frímansson prófessor við Háskólann á Akureyri og dr. Jan van den Akker prófessor við University of Twente, Hollandi.